

Matvælaráðuneytið

Fundargerð

Boðandi: Hjalti Jón Guðmundsson
Dags: 27.05.2022
Boðaðir: Kolbeinn Óttarsson Proppé, Þorgils Torfi Jónsson, Valgerður Sigurðardóttir, Sigurgeir Bárðarson
Fundarmenn: Allir mættir
Bréfalykill: 02.02.03 Lögskipaðar nefndir, stjórnir og ráð - Fiskeldi
Málsnúmer: MAR22030127

Efni: 1. fundur Umhverfissjóðs sjókvíaeldis

Frásögn af fundi

Dagskrá fundar:

- Kynning á starfsemi sjóðsins
- Auglýsing vegna úthlutunar ársins 2022 og tímalína framundan.
- Önnur mál

Fundur settur 27. maí 2022 kl. 10:00. Fundarstaðsetning Vör, Skúlagötu 4 og í gegnum fjarfundarbúnað.

1. Kynning á starfsemi sjóðsins

Fundarmenn kynntu sig. Mætt voru Kolbeinn Óttarsson Proppé formaður stjórnar, Sigurgeir Bárðason varamaður, Valgerður Sigurðardóttir aðalmaður og Hallveig Ólafsdóttir og Ása María Guðmundsdóttir starfsmenn matvælaráðuneytisins. Þorgils Torfi Jónsson aðalmaður og Hjalti Jón Guðmundsson starfmaður stjórnar sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Hallveig kynnti starfsemi sjóðsins. Kynnti að sjóðurinn greiði kostnað við rannsóknir vegna burðarþolsmats, vöktunar og annarra verkefna sem stjórn sjóðsins ákveður. Umræður voru um hvað felist í *öðrum verkefnum* og voru stjórnarmenn sammála um að skýrt þyrfti að vera hvaða verkefni muni falla þar undir.

Rætt var um gjaldtökuna og hversu stór hluti hennar fellur beint til sjóðsins. Stjórnin var sammála um að þetta þyrfti að vera skýrt.

Hallveig fór yfir sögu sjóðsins og úthlutunarfjárhæðir hans í gegnum tíðina. Stærstu úthlutanir hafa farið í buðarþols- og vöktunarrannsóknir. Stærsti einstaki styrkþeginn í gegnum tíðina hefur verið Hafrannsóknarstofnun.

2. Auglýsing vegna úthlutunar ársins 2022 og tímalína framundan

Hallveig fór yfir verkefni stjórnar. Stjórn þarf að fara útbúa og samþykkja auglýsingu. Torfi taldi að koma þyrfti auglýsingunni út fyrir sumarið þar sem mörg verkefni eru sumartengd. Sigurgeir nefndi að mögulega þyrfti stjórnin að hafa ákveðnar áherslur í úthlutuninni. Kolbeinn taldi að stjórnin myndi byggja á sömu áherslum og í fyrra þar til hún hefur sett sig betur inn í málefnið. Kolbeinn taldi skynsamlegt að vera með opnar áherslur núna. Tók stjórnin undir það.

Stjórnin taldi að hafa eigi Grím og Ingimar enn þá sem ráðgjafa sjóðsins. Þeir eru inn í hlutunum og geta gert þetta á stuttum tíma. Var stjórn sammála því.

Stjórn samþykkti að auglýsa úthlutun úr sjóðnum. Starfsmaður sjóðsins, Hjalti Jón, mun senda stjórn auglýsinguna í tölvupósti. Auglýsing mun vera birt í þrjár vikur.

Stjórn var sammála um að mögulega þyrfti hún að koma saman í júlí til að fara yfir umsóknir þegar að Grímur og Ingimar eru búnir að fara yfir umsóknir og niðurstöður þeirra komnar. Starfsmaður sjóðsins mun heyra í Grími og Ingimari svo þeir séu til taks þegar auglýsingatími er liðinn.

Torfi fór yfir hvernig stjórnin hefur unnið. Taldi mikilvægt að fara snemma í vettvangsferðir austur og vestur, jafnvel snemma í haust. Stjórn sammála því.

3. Önnur mál

Rætt var hvort einhver verkefni væru útistandandi þar sem að hluti úthlutunar er greiddur þegar verkefni er lokið. Ása ætlar að senda stjórn hvernig staða verkefna er.

Kolbeinn bað starfsmann sjóðsins um að taka saman minnisblað um hvað hefur innheimst og hvað er til úthlutunar. Formaður stjórnar bað um þetta yrði bókað í fundargerð.

Rætt var um hvenær yrði næst fundað. Torfi lagði til að fundað verði næst þegar umsóknir eru komnar. Samþykkt var að næsti fundur verði þegar umsóknir eru komnar og þá geti stjórn átt samtál með Grími og Ingimari um hvaða aðferðarfræði er beitt við yfirferð umsókna. Stjórn var einnig sammála því að hún þyrfti að vera sveigjanleg og funda þegar tilefni eru til.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 10:56

Fundargerð var send fundarmönnum og verður hún borin upp til samþykktar í byrjun næsta fundar.

Niðurstaða og ákvarðanir

Stjórn samþykkti að auglýsa úthlutun.

Starfsmaður sjóðsins mun hafa samband við Grím og Ingimar og gera drög að samkomulagi við þá. Ása María mun senda stjórn hver staða samþykkttra verkefni sé.

Starfsmaður sjóðsins mun taka saman minnisblað um hvað hefur innheimst í sjóðinn og hverjar úthlutunarfjárhæðir hans eru.

Tilvísun í málsnúmer og fylgiskjöl

Nr.	Efni	Ábyrgur starfsmaður	Dags. rætt	Áætluð lok	Lokað
1.	Auglýsa úthlutun	Hjalti Jón Guðmundsson	27.05.2022	03.06.2022	<input type="checkbox"/>
2.	Hafa samband við Grím og Ingimar	Hjalti Jón Guðmundsson	27.05.2022	01.06.2022	<input type="checkbox"/>
3.	Minnisblað um innheimt gjöld og úthlutunarfjárhæð sjóðsins	Hjalti Jón Guðmundsson	27.05.2022	03.06.2022	<input type="checkbox"/>
4.	Yfirlit yfir samþykkt verkefni sjóðsins	Ása María H. Guðmundsdóttir	27.05.2022	02.06.2022	<input type="checkbox"/>